

**Sp.**

**936. Nefndarálit**

[166. mál]

um till. til þál. um skipulegt átak til aukinnar sjúkra- og iðjuþjálfunar í heilsugæslunni.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna og leggur til að **tillögugreinin orðist svo:**

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa sérstaka nefnd til að vinna að skipulegu, samræmdu átaki til þess að koma á sem bestri sjúkra- og iðjuþjálfun sem víðast um land. Kannað verði hvernig tengja megi þessa þætti sem best við kennslu í heilsurækt í efstu bekkjum grunnskólans.

Jafnframt verði athugað hvernig unnið yrði að forvarnarstarfi á vinnustöðum þar sem leiðbeint yrði sem gleggst um grundvallaratriði réttra vinnubragða og vinnustellinga jafnhliða bættri vinnuáðstöðu. Leitað verði samráðs um átak þetta við samtök launafólks og vinnuveitenda, svo og þau félög heilbrigðisstétta sem málið varðar sérstaklega.

Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru Friðjón Þórðarson, Árni Johnsen og Jón Kristjánsson.

Alþingi, 16. mars 1987.

Gunnar G. Schram,  
form., frsm.

Jóhanna Sigurðardóttir,  
fundaskr.

Guðrún Helgadóttir.

Stefán Valgeirsson.